

1860. gjöra um réttan skilning á reglunum — og fylgja því bréfi
 16. febrúar. þessu til samanburðar, ef einhver vafi kynni að verða á, tvö expl.
 af reglum um manntal í sveitum í Danmörku o. s. frv. — ;
 eruð þér og beðnir að láta yður einkar annt um, að manntals-
 skrárnar og aðaltöflurnar frá öllum sóknum í prófastsdæmi yðar
 komist hingað með fyrstu póstskeipsferð næsta ár.

17. febrúar. **8. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiðtsyfir-
 valdanna á Íslandi, um ölmusur til prestaskólans
 í Reykjavík.**

Þér hafið, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra,
 eptir tilmælum stjórnarinnar, í bréfi dags. 10. maí í fyrra,
 látið í ljósi álit yðar um bænarskrá þá, sem alþing sendi hingað
 1857 viðvíkjandi prestaskólanum í Reykjavík, þar sem beðið
 var um, að auk þeirra þriggja ölmusa, sem veittar eru úr
 ölmusúsjóði háskólans, yrði enn fremur úr ríkissjóðnum veittar
 þrjár ölmusur, jafnháar þeim, sem verið hafa.

Stjórnin hefur nú kynnt sér álitsskjal þetta, og þótti henni
 ei að síður ísjárvert, að leggja þann kostnað á ríkissjóðinn, er
 af því leiddi, ef það fengist, sem um var beðið. Þar á móti
 hefur hún enn að nýju snúið sér til háskólaráðsins í Kaup-
 mannahöfn og spurt það, hvort nokkur von mundi til, að
 fleiri ölmusur gætu fengizt úr ölmusúsjóði háskólans handa
 prestaskólanum í Reykjavík.

Eins og sjá má af álitsskjölum háskólaráðsins, er hér fylgja,
 hefur það þverneitað þessu, og sér stjórnin því engan veg til
 að gjöra frekara í máli þessu. Eg hef ekki viljað láta hjálfa,
 að láta yður vita þetta.